

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. apríl 2001.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 482, 3. júlí 2000 breytist þannig:

III. TENGIGJÖLD

Tengigjaldakaflinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kafli um hitaveitur og fjórði kafli um almennur kafla.

1. Þéttbýli

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

1.1 Heimtaugar.

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.;

1.2 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir annan notanda á sömu heimtaug greiðast 16.320 kr. fyrir hvern notanda.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð	kr.
50 A einfasa	93.700
50 A þriggja fasa	105.000
100 A þriggja fasa	166.000
200 A þriggja fasa	333.000
315 A þriggja fasa	524.000
400 A þriggja fasa	665.000
500 A þriggja fasa	831.000
630 A þriggja fasa	1.048.000
800 A þriggja fasa	1.330.000

1.3 Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómælde smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 32.100 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 269 kr./m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er *undanskilin* í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir tilboði.

1.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	kr.
50 A einfasa	16.300
50 A þriggja fasa	23.000
100 A þriggja fasa	25.100

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

- 1.5 Breyting á heimtaug.
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.
- 1.6 Staðsetning.
Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.
- 1.7 Framkvæmd.
Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.
- 1.8 Frávik.
Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en 800 A gerir RARIK tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 1.2 þ.e. fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá.
- 1.9 Spennistöð.
Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja byggingarreglugerð. Ganga skal frá skriflegum leigusamningi um húsnæðið.
- 1.10 Aukakostnaður.
Sé fyrrsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í lið 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 1.11 Götulýsing.
Gjald fyrir uppsetningu götuljósá í þéttbýli er eftirfarandi:
Götuljósastaurar með mismunandi ljósbúnaði (hæð frá jörðu í ljóspunkt).
- | | | |
|----------------|--------------------------------|------------|
| Götuljósastaur | 6,3 m, 100 W NA, 28 m strengur | 79.100 kr. |
| Götuljósastaur | 6,3 m, 125 W HQ, 28 m strengur | 75.900 kr. |
| Götuljósastaur | 8 m, 100 W NA, 33 m strengur | 92.500 kr. |
| Götuljósastaur | 8 m, 125 W HQ, 33 m strengur | 89.400 kr. |

Götuljósastaur 10 m, 150 W NA, 40 m strengur 114.000 kr.

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir tilboði.

Fyrir hvern staur umfram 10 stk. er veittur 15 % afsláttur þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

2. Dreifbýli.

2.1 Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafl	kr.
5 kVA Heimtaug	212.000
10 kVA Heimtaug	233.000
25 kVA Heimtaug	271.000
50 kVA Heimtaug	333.000
100 kVA Heimtaug	430.000

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri í upphafi eða að spennistöð er til staðar.

Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra umfram 200 m 737 kr.

2.2 Eftirlit.

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeyganda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3 Fjöldi og lengd.

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir lið 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt lið 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt tilboði.

2.4 Uppbygging.

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulagðs svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

2.5 Lega.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í sam

ræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.6 / 3.11. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

2.6 Frávik.

Fyrir aðrar heimtaugar skal tengigjald ávallt vera samkvæmt tilboði, þó að lágmarki samkvæmt lið 2.1.

Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (liðir 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).

2.7 Þrífösun spennistöðvar.

Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera 52.700 kr. á hvern notanda sé þriggja fasa háspennulögn til staðar og aðeins þurfi að breyta spennistöð. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa. Séu fleiri en einn notandi á hverri spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis að öðrum kosti gildir fyrsta málsgrein liðar 2.11.

2.8 Þrífösun háspennulagnar.

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt tilboði RARIK allt að 527.000 kr. Fyrir kostnað umfram 500.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

2.9 Endurkröfuréttur.

Hafi notandi greitt hærru upphæð en 527.000 kr. í þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notanda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.

2.10 Ný háspennulögn.

Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærru upphæð en 527.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í lið 2.9 um kostnaðarþátttöku notanda sem síðar tengjast línunni og endurkröfurétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.

2.11 Breytingar.

Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.

Séu fleiri en ein loftlínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.

2.12 Götuljós.

Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósa í dreifbýli skal vera eftir tilboði RARIK hverju sinni.

3. Hitaveitur.

- 3.1 Tengigjöld.
Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 105.000 kr.
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 40.000 kr.
- 3.2 Takmörkun.
RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 3.3 Aukakostnaður.
Sé fyrisjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt lið 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 3.4 Frávik og breytingar.
Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt tilboði hverju sinni.

4. Annað.

- 4.1 Gjöld.
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.
- 4.2 Frágangur.
Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.
- 4.3 Endurtenging.
Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 4.4 Breytingar.
Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.